

Íslenskur iðnaður

SI

2. tbl. 13. árg

Samtök iðnaðarins

Febrúar 2007

IÐNÞING 2007

Farsæld til framtíðar

horft til framtíðar

atvinnulífið 2020

krönan

stöðugleikinn

gengið

byggðapröun

stöðugleikinn

gengið

byggðapröun

stöðugleikinn

gengið

byggðapröun

stöðugleikinn

gengið

byggðapröun

Iðnþing Samtaka iðnaðarins
fer fram föstudaginn 16. mars
á Grand Hótel Reykjavík

Stækkun Alcan ábatasöm fyrir Hafnarfjarðarbæ

Tekjur Hafnarfjarðarbæjar, sem tengjast starfsemi Alcan, munu stórukast verði af stækkun álversins í Straumsvík. Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, sagði í erindi sínu á stefnumóti fyrir-tækja í Hafnarfirði, sem SA stóðu fyrir á dögnum um stækkun Alcan, að þær gætu numið ríflega 1.400 milljónum á ári í stað um 490 nú.

Gróflaga má áætla að tekjur bæjarins af starfsemi álversins muni nema 12-13% af heildartekjum bæjarins. Auk Hannesar fluttu framsögu Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri, Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi og Kolbrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri JRJ. Fulltrúar fyrirtækja í Hafnarfirði fjölmenntu á fundinn og talið er að þar hafi verið þriðja hundrað gestir.

Það eru ekki bara tekjur Hafnarfjarðarbæjar sem aukast mikið því að ríkið fær einnig mikið í sinn hlut ef af stækkun verður. Nú eru tekjur ríkisins af starfsemi Alcan á bilinu 2,6-3,1 milljarðar en verða á bilinu 4,2-5,2 milljarðar. Í heild má gera ráð fyrir að tekjur opinberra aðila aukist um allt að 3,3-3,9 milljörðum. Þá eru auknar tekjur af raforkuframleiðslu og raforkuflutningi vegna stækkunnar álversins ekki teknar með í reikninginn en en óhætt er að fullyrða að þar er um verulegar fjárhæðir er að ræða.

	Fyrir stækkun	Eftir stækkun
Tekjur Hafnarfjarðar	490	1.431
Útsvarstekjur annarra sv.félaga	105	265
Skatttekjur ríkisins	2.000-2.500	4.200-5.200
Samtals	2.600-3.100	5.900-6.900

Bjarni Már Gylfason tók saman

bis. 2

Purfum við nokkuð
á atvinnurekstri að
halda?

bis. 3

SI

Iðnþing 2007
í framboði til
stjórnar

bis. 4-5



Sprotapung
2007

bis. 7-10



Dagskrá
Iðnþings 2007

bis. 12-13



Útböðsping
2007

Þurfum við nokkuð á atvinnurekstri að halda?



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Álverið í Straumsvík markaði tímamót

Að vonum fögnuðu flestir ákvörðun um byggingu álvers í Straumsvík og ekki aðeins Hafnarfirðingar heldur flestir Íslendingar. Þetta var að vonum því að sú ákvörðun markaði á margan hátt nýja tíma í íslensku atvinnulífi. Að baki voru miklar miklir erfiðleikar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Síldin hvarf, verðfall varð á sjávarafurðum og efnahagur þjóðarinnar var í rúst. Gengi krónunnar var fellt um tugi prósent á eftir ár og atvinnuleysi var mikið. Á þessum árum flúðu Íslendingar bæði til Svíþjóðar og Ástralíu í leit að atvinnu og mannsæmandi lífskjörum.

Síðbúin iðnvæðing

Menn sáu að hvorki var skynsamlegt né gerlegt fyrir þjóðina að byggja til framtíðar alfarið á fiskveiðum og –vinnslu. Íslendingar yrðu að iðnvæðast og leita eftir erlendri fjárfestingu og tækniþekkingu til að nýta aðra helstu auðlind sína, orkuna. Íslendingar gerðust aðilar að EFTA og gerðu skömmu síðar fríverslunarsamning við Efnahagsbandalag Evrópu sem þá var.

Stækkun á tíma stöðnunar og atvinnuleysis

Efnahagsástandið á Íslandi var lengst af ekki með þeim hætti að það hentaði vel til uppbyggingar í iðnaði né heldur freistandi það erlendra fjárfesta að byggja hér upp iðnað. Efnahagsstjórnin var lengst af í algerum molum. Í lok mikillar uppsveiflu og þenslu fylgdi jafnan gengisfelling, óðaverðbólga og gjaldeyriskreppa. Á árunum 1988-1994 gekk þjóðin í gegnum mögur ár stöðnunar og atvinnuleysis. Það var einmitt ákvörðun um að stækka álverið í Straumsvík sem markaði endalok þessa erfiða tímabils. Þeirri ákvörðun var almennt ákaft fagnað og hún markaði raunar upphafið að einu lengsta hagvaxtarskeiði í sögu þjóðarinnar.

Frekari stækkun umdeild

Nú hefur Alcan, eigandi álversins í Straumsvík, unnið að því um hríð að stækka álverið en nú ber svo við að sú ákvörðun er umdeild. Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa hrokkið við og ætla að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um skipulag svæðisins og láta þar með í raun greiða atkvæði um það hvort stækka megi álverið. Ekki um það deilt að álverið þarf

að uppfylla strangar kröfur í umhverfismálum og gangast fyrir umhverfismati vegna framkvæmdanna. Fyrirtækið hefur starfað á sínum stað í áratugi og lagt afar mikið til uppbyggingar í Hafnarfirði og raunar á landinu öllu. Sú spurning vaknar hvort allt þetta skipti nú engu máli.

Þurfum við tekjur og störf?

Vitað er að tekjur bæði ríkis og Hafnarfjarðarbæjar munu stórukast svo nemur mörgum milljörðum á ári ef stækkun álversins verður að veruleika. Andstæðingar framkvæmdanna telja það raunar alls óviðeigandi að draga slík aukaatriði inn í umræðuna. Þá er gert lítið úr þeim vel launuðu störfum sem verða til við stækkun verksmiðjunnar. Það er greinilegt að verulegur hópur fólks á Íslandi telur það litlu eða engu máli skipta hvort við nýtum orkulindir þjóðarinnar til að skapa útflutningstekjur, ný störf og skatttekjur til ríkis og sveitarfélaga.

Sjálfbær hagvöxtur byggður á auknum útflutningstekjum

Hagvöxtur á Íslandi hefur verið verulegur undanfarin ár. Gallinn er bara sá að hann byggist að verulegu leyti á einkaneyslu. Viðskiptahalli er mikill og viðvarandi. Hagvöxturinn er sem sé að verulegu leyti tekinn að láni erlendis. Allar nágrannaþjóðir okkar keppast við að laða til sín erlenda fjárfestingu og byggja upp varanlegan hagvöxt með útflutningi vöru og þjónustu.

Það er illt viti ef íslenska þjóðin er farin að trúá því að við þurfum ekki á því að halda að nýta auðlindir okkar til að skapa útflutningsverðmæti og vel launuð störf. Margir virðast halda að verðmætasköpun sé aðallega á hendi ríkis og sveitarfélaga en litlu máli skipti hvort fyrirtækin fara eða vera, lifa eða deyja. En það er auðvitað argasta vitleysa. Við getum ekki til lengdar lifað á því að flytja inn og selja hvert öðru flatskjái og bíla, fjármagnaða með erlendum lánum. Vonandi þarf ekki stórkostleg efnahagsáföll til þess að sannfæra þjóðina um að við þurfum á arðbærri framleiðslu og útflutningstekjum að halda.



IÐNÞING 2007

Í framboði til stjórnar Samtaka iðnaðarins

Í kjöri til
formanns SI
Helgi Magnússon

f. 14. janúar 1949
stjórnarformaður
Eignarhaldsfélags
Hörpu ehf.



Aðalheiður
Héðinsdóttir

f. 23. apríl 1958
framkvæmdastjóri
Kaffitárs ehf.



Bolli Árnason

f. 25. desember 1959
framkvæmdastjóri
GT Tækni ehf.



Hilmar V. Pétursson

f. 14. júlí 1973
framkvæmdastjóri
CCP hf.



Loftur Árnason

f. 1. nóvember 1941
framkvæmdastjóri
Ístaks hf.



Sigurður Bragi
Guðmundsson

f. 3. febrúar 1958
framkvæmdastjóri
Plastprents hf.



Sveinbjörn
Hjálmarsson

f. 8. júní 1950
framkvæmdastjóri
Umslags ehf.



Tómas Sigurðsson

f. 1. febrúar 1968
framkvæmdastjóri
Alcoa



Vigfús Hjartarson

f. 25. júní 1956
framkvæmdastjóri
Bakameistarans ehf.



Nýir félagsmenn

MerkurPoint ehf.
Skeifan 7
108 Reykjavík
Upplýsingatækni

Vilberg I. Kristjánsson
Hrannarstíg 8
350 Grundarfirði
Lagnadeild SI

Íslenska lífmassafélagið ehf.
Ármúla 36
108 Reykjavík
Sprotafyrirtæki

Smiðir ehf.
Heiðarvegi 26
730 Reyðarfirði
Mannvirkjagerð og
verktakastarfsemi

SI



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
2. tbl. 13. árg. febrúar 2007
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 20.02.2007w
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði
í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast
bednir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Tillögur Samfylkingar hlutu hæstu einkunn

Samhljómur og góðar tillögur þingflokka á Sprotapiingi 2007



Samtök iðnaðarins, Samtök sprota-fyrirtækja, Samtök íslenskra líftækni-fyrirtækja og Samtök upplýsingatækni-fyrirtækja stóðu fyrir Sprotapiingi 2007 í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, þingflokka stjórnmalaflokka, ráðuneyti iðnaðar-, viðskipta- og menntamála, háskóla og aðila stoðkerfis og atvinnulífs föstudaginn 2. febrúar síðastliðinn. Á þinginu var fjallað um stöðu og starfsskilyrði sprota- og há- tæknifyrirtækja á Íslandi og tillögur þingflokka voru lagðar fram til umræðu og atkvæðagreiðslu. Sprotapiing 2007 markaði einnig upphaf sprotavettvangs sem formlega hefur störf í kjölfarið.

Fundarform að hætti Alþingis

Í vetur var efnt til samstarfs við þingflokka allra stjórnmalaflokka um að þeir kynntu nokkrar vel mótaðar tillögur á Sprotapiingi 2007 sem miða að því að bæta starfsskilyrði sprota- og hátæknifyrirtækja. Fundarform sprotapiingsins var jafnframt lagað að þingsköpum Alþingis til að undirbúningsvinna þingflokkanna nýttist þeim sem best inn á þing og við móttun stefnuskrár fyrir komandi kosningar.

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, setti þingið og fór yfir það helsta sem unnið hefur verið á vettvangi ríkistjórnarinnar frá Sprotapiingi 2005 sem haldið var í höfuðstöðvum Marels. Í máli sínu nefndi ráðherrann útgáfu hátækniskýrslunnanna á Iðþingi 2005, áskorun SI til ríkisstjórnarinnar í janúar 2006 og nefnd sem fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði til að gera tillögur að umbótum varðandi fjármögnun

nýsköpunar. Þrjár af tillögum nefndarinnar hafa komið til framkvæmda og sú fjórða – um endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar – er til athugunar hjá fjármálaráðuneyti.

Í lok setningarerindis síns kynnti iðnaðaráðherra „að í væntanlegri skipan með heildaráætlun um nýtingu og vernd náttúruauðlindanna er ráð fyrir því gert að gjald verði jafnan tekið fyrir leyfi og nýtingu. Með slíku auðlindagjaldi skapast tækifæri til að byggja upp á einhverju tímabili auðlindasjóð sem þjóðin getur notað til sérstakra þjóðþrifaverkefna.“ Taldi ráðherra „að auðlindasjóður ætti að geta tekið virkan þátt í eflingu þess nýsköpunar- og sprotakerfis sem íslenska þjóðin þarf á að halda.“

Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku og formaður Samtaka sprotafyrirtækja, rifjaði upp framtíðarsýn sprotafyrirtækja og hlutverki sprota-vettvangs við að styðja við uppbyggingu sprotafyrirtækja. Þá vék Jón að verkefni upplýsingatækni-fyrirtækja um þriðju stoðina sem kynnt var á Iðþingi 2005. Í framtíðarsýn Samtaka sprotafyrirtækja kemur fram það markmið að „frá og með árinu 2010 bætist árlega að jafnaði tvö ný tæknifyrirtæki í þann hóp sem veltir yfir einum milljarði á ári og skila sér inn á almennan hlutabréfamarkað.“ Undanfarið 15 ár hafa 5–10 tæknifyrirtæki náð því marki að velta yfir einum milljarði á ári á alþjóðlegum markaði og skilað sér inn á almennan hlutabréfamarkað og þannig skapað sér skilyrði til útrásar og vaxtar á alþjóðlegum markaði. Jón rakti frekar þróunina síðustu tvö árin sem hafa verið sprotafyrirtækjunum erfið. Í

lok erindis síns dró Jón saman eftirfarandi megin atriði sem leggja þarf áherslu á til að bæta starfsumhverfi sprota- og hátæknifyrirtækja.

1. Auka þarf opinberar fjárfestingar í rannsóknnum og þróun hjá hátækni-sprota-fyrirtækjum. Þetta verður helst gert með því að styrkja Tækniþróunarsjóð og koma á endurgreiðsluferfi í gegnum skattkerfið
2. Styrkja þarf Nýsköpunarsjóð þannig að hann geti fjárfest í hátækni-sprotafyrirtækjum sem lengra eru kominn.
3. Koma þarf á hagræðingu hjá rannsóknarstofunum og leggja þær inn í háskólana eins og gert hefur verið með landbúnaðarrannsóknir. Þjónustusala stofnananna á að vera hjá fyrirtækjunum
4. Koma þarf á stöðugu umhverfi með því að lágmarka gengissveiflur þ.e. tryggja þarf stöðugleika krónunnar. Vextir verða að komast í eðlilegt horf.
5. Mikilvægt er að ríkisstofnanir kaup hugbúnaðar- og tækniþjónustu frá fyrirtækjum og ýti þannig undir framleiðslu á stöðluðum tækni- og hugbúnaði sem hægt er að selja á alþjóðlegum markaði.
6. Koma þarf á hvatningu sem hvetur fjárfesta, lífeyrissjóði og ein staklinga til að fjárfesta í hátækni-sprotafyrirtækjum.

Að lokum lagði Jón Ágúst fram þá ósk að 2. febrúar 2007 skráðist í sögu Íslands sem þáttaskil þar sem allir þeir aðilar, sem staddir væru á Sprotapiingi 2007, stæðu að sameiginlegu átaki í uppbyggingu hátækni-iðnaðar og tryggðu

þar með öflugt, margbreytilegt og spennandi samfélag þar sem afkomendur okkar fá góð og áhugaverð atvinnutækifæri í fjölbreyttri flóru atvinnulífs.

Niðurstöður rannsóknarverkefnis, SI og HR kynntar

Þessu næst kynntu þeir Hilmar Björn Harðarson og Pálmi Blængsson, nemendur í Háskólanum í Reykjavík, niðurstöður úr rannsóknarverkefni sínu um stuðningsumhverfi sprotafyrirtækja sem þeir unnu fyrir Sprotavettvanginn með stuðningi Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík og Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Yfir 200 ábendingar komu frá fyrirtækjunum um atriði sem þyrfti að styrkja í þessu kerfi. Draga má saman helstu skilaboð um umbætur í stoðkerfinu í eftirfarandi meginlínur.

1. Nauðsynlegt er að efla og samþætta stuðningsumhverfið.
2. Efla þarf samkeppnissjóði, sérstaklega Tækniþróunarsjóð og styrkir þurfa að vera hærri.
3. Skortur er á „þolinmóðu“ áhættufjármagni.
4. Gera þarf fjárfestingar í sprotafyrirtækjum meira aðlaðandi fyrir fjárfesta, t.d. með skattalegum hvötum og í allmörgum tilvikum ber mikið í milli viðhorfa frumkvöðla og fjárfesta varðandi fjármögnun sprotafyrirtækja.
5. Skapa þarf lífeyrissjóðum forsendur til þess að fjárfesta í sprotafyrirtækjum en bankar og lífeyrissjóðir eru einungis líklegir til fjárfestinga í gegnum sérhæfða sjóði.

Tillögur þingflokka til að bæta starfsskilyrði sprota- og hátæknifyrirtækja

Að inngangserindum loknum kynnti hver þingflokkur allt að þrjár tillögur í formi lagafrumvarps, þingsályktunartillagna eða reglugerðabreytinga sem haft gætu áhrif á starfsskilyrði sprota- og hátækni fyrirtækja.

Þaðan voru tillögurnar sendar í þingnefndir, skipaðar fulltrúum þingflokka, stoðkerfis og atvinnulífs, til nánari umfjöllunar og þátttakendum gefinn kostur á að leggja fram breytingartillögur.

Líflegar umræður áttu sér stað í þingnefndum og fram komu fjölmargar góðar ábendingar og breytingartillögur, sem fulltrúar þingflokka tóku almennt vel í og töldu í fæstum tilvikum vandkvæði á að taka tillit til í frekari útfærslu sinni. Eftir að tillögurnar höfðu verið kynntar aftur með áorðnum breytingum gáfu þátttakendur í þinginu hverri tillögu einkunn á skalanum 0–5 áður en hlé var gert á þingstörfum.

Alls kynntu flokkarnir eftirfarandi 13 tillögur: Í öftustu dálkum koma fram stig og röð sem tillögurnar fengu í atkvæðagreiðslu þátttakenda í Sprotabingi 2007

Nr.	Heiti tillögu:	Málshefjandi:	stig	röð
1	Tillögur um almennt skattalegt umhverfi íslenskra fyrirtækja - með áherslu á að tryggja að Ísland verði áfram í fremstu röð í skattalegrum samkeppni	Birgir Ármannsson D - lista	332	8
2	Frumvarp til laga um nýsköpunarsjóð Sprotafyrirtækja	Hjálmar Árnason B - lista	360	5
3	Tillaga til þingsályktunar - Hátækniáratugurinn - tillaga um að efla með heildstæðum hætti umhverfi íslensks hátækni iðnaðar á næstu tíu árum	Ágúst Ólafur Ágústsson S - lista	391	3
4	Frumvarp eða þingsályktunartillaga um skattaávilnanir til nýstofnaðra fyrirtækja í uppbyggingu	Steingrímur J. Sigfússon V - lista	324	9
5	Tillaga til þingsályktunar um stuðning við frumkvöðla. Um að hvetja til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og um skattaávilnun vegna þess til nokkurra ára	Guðjón A. Kristjánsson F - lista	290	11
6	Tillögur um starfsmannamál í alþjóðlegu starfsumhverfi - m.a. með áherslu á að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að ráða til sín erlenda sérfræðinga og senda íslenska starfsmenn til tímabundinna starfa erlendis	Guðlaugur Þór Þórðarson D - lista	386	4
7	Frumvarp til laga um breytingu á skattalögum (til þess að hvetja fjárfesta til þess að leggja í þróunarkostnað og fjárfestingar í sprotafyrirtækjum)	Helga Sigrún Harðardóttir B - lista	348	7
8	Frumvarp til laga - Endurgreiðsla rannsóknar og þróunarkostnaðar - tillaga um að skilgreind rannsóknarverkefni í hátækni iðnaði fái endurgreiddan hluta af rannsóknar- og þróunarkostnaði.	Dofri Hermannsson S - lista	394	2
9	Tillaga/tillögur um aðgerðir til stuðnings sjálfbærri þróun í orku- og atvinnumálum	Kolbrún Halldórsdóttir V - lista	216	13
10	Tillögur um að styrkja stoðir nýsköpunar með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs - með áherslu á eflingu samkeppnissjóða og rannsóknarstarfs innan menntakerfisins og hjá fyrirtækjunum sjálfum	Kjartan Ólafsson D - lista	349	6
11	Þingsályktunartillaga að árlegri nýsköpunarkeppni grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla með tilheyrandi þjálfun og undirbúningi fyrir nemendur	Arnar Þór Sævarsson B - lista	305	10
12	Efling samkeppnissjóða - tillaga um að stórefla samkeppnissjóði sem styrkja rannsóknir og tækniþróun á sviði hátækni iðnaðar	Katrín Júlíusdóttir S - lista	425	1
13	Tillögur um sérstakar aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri á landsbyggðinni og til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum	Jón Bjarnason V - lista	226	12

Tillögur Samfylkingar hlutu hæstu einkunnir

Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, greindi frá niðurstöðu einkunnargjafar fyrir tillögur þingflokka. Tillögur Samfylkingarinnar fengu flest atkvæði í einkunnargjöf þátttakenda á Sprotabingi 2007 og greinilegt að flokkurinn hafði undirbúið sig vel m.a. með því að kynna sér vel áskorun SI til ríkisstjórnarinnar frá því í janúar 2007. Flokkurinn hafði einnig sett allar tillögurnar saman í vel útfært og heildstætt 10 ára átaksverkefni undir kjörorðinu

„hátækniáratugurinn“, sem þátttakendur í Sprotabinginu kunnu greinilega vel að meta.

Helgi Magnússon sleit Sprotabinginu og færði þakkir öllum þeim sem komu að undirbúningi og samstarfi um þetta nýstárlega þinghald og beindi sérstökum þakkarorðum til þingflokka fyrir aðild þeirra að Sprotabinginu sem verður að teljast einstakt í sinni röð.

Sjá nánari umfjöllun um Sprotabingid og tillögur þingflokka á www.si.is.

David Lúðvíksson



CCP brautskráð úr Samtökum sprotafyrirtækja í úrvaldeild hátæknifyrirtækja

Í lokaathöfn sprotaþingsins var fyrirtækinu CCP ehf. veitt sérstök viðurkenning fyrir að hafa komist í úrvaldeild íslenskra hátækni-fyrirtækja sem náð hafa árlegri veltu yfir einn milljarð kr. en fyrirtækið velti um 1,3 milljörðum á síðasta ári. Af því tilefni var fyrirtækið brautskráð úr Samtökum sprotafyrirtækja, en tók um leið sæti í úrvaldeild íslenskra hátækni-fyrirtækja innan SI.

Hvaða sprotafyrirtæki vex hraðast?

Vaxtarsprotinn er nýtt samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, SSP Háskólans í Reykjavík og Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Verkefnið tengist einnig Sprotavettvangi – samstarfsvettvangi um uppbyggingu sprotafyrirtækja.

Tilgangur

Tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukin áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.

Skipulag og dómnefnd

Aðstandendur verkefnisins skipa þriggja manna dómnefnd sem sér um skipulag, kynningu og val á þeim fyrirtækjum sem hljóta viðurkenningar og nafnbótina „Vaxtarsproti ársins.“

Tilnefningar:

Hver sem er getur tilnefnt fyrirtæki sem hann/hún telur eigi erindi í þetta val. Í forvali þarf aðeins að senda inn eftirfarandi lykiltölur úr rekstri:

- Veltutölur síðustu tveggja ára
- Heildartölur fyrir rannsókn- og þróunarkostnað fyrirtækisins fyrir sömu ár

Ef fram kemur eftir forval að fyrirtækið komi til greina sem „Vaxtarsproti ársins“ þarf að senda inn staðfestingu löggilts endurskoðanda á að innsendar lykiltölur séu réttar og að fyrirtækið uppfylli skilyrði í lið 3.

Viðmið til að velja „Vaxtarsproti ársins“

1. Meginviðmiðið er vöxtur í veltu sem er mældur með eftirfarandi hætti: (V2 – V1)/ V1 þar sem: V2 er velta síðasta árs V1 er velta ársins þar á undan.
2. Þá þarf fyrirtækið að uppfylla skilgreiningu um sprotafyrirtæki – þ.e. að verja meira en 10% af veltu í rannsókn- og þróunarkostnað að meðaltali fyrir bæði árin sem tekin eru til viðmiðunar og að heildarvelta fyrra ársins (V1) sé yfir 10 milljónum en undir einum milljarði ísl. kr.
3. Þá þarf frumkvöðullinn eða frumkvöðlarnir að vera virkir í fyrirtækinu og fyrirtækið má ekki vera að meiri hluta í eigu „stórfyrirtækis,“ fyrirtækis á aðallista kauphallar eða vera sjálft á aðallista kaupahallar.

Viðurkenningar:

Það fyrirtæki, sem tilnefnt er og sýnir mestan hlutfallslegan vöxt samkvæmt framangreindum viðmiðum, hlýtur nafnbótina „Vaxtarsproti ársins.“ Fyrirtækið fær til varðveislu farandgrip með áletrun þar sem „Vaxtarsproti“ viðkomandi árs er skráður. Auk þess fær fyrirtækið sérstakan verðlaunaskjöld til eignar. Þá verða einnig veittar sérstakar viðurkenningar þeim tveimur sprotafyrirtækjum sem hafa sýnt mestan hlutfallslegan vöxt, annars vegar í flokki fyrirtækja sem velta 10 til 100 milljónum kr. og hins vegar 100 til 1000 milljónum króna.

Fyrsta viðurkenningin í mars 2007:

Aðstandendur stefna að því að veita viðurkenningar Vaxtarsprotans í fyrsta sinn í mars 2007 í tengslum við sýninguna Tækni og vit. Lýst verður eftir tilnefningum á næstunni en frestur til að skila tilnefningum til forvals verður til 23. febrúar. Þau fyrirtæki, sem komast í gegnum forvalið, þurfa síðan að skila nauðsynlegum gögnum sem áður er getið fyrir 2. mars.



Davíð Lúðvíksson

Umhverfisáhrif vegna stækkunar álversins

Verði af stækkun álvers Alcan í Straumsvík verður styrkur mengunarefna undir heilsuverndarmörkum í nágrenni ISALS. Þetta kom fram á fundi SA um atvinnulíf og umhverfi þar sem Guðrún Þóra Magnúsdóttir, leiðtogi umhverfismála hjá Alcan, kynnti gögn um umhverfisáhrif starfseminnar í Straumsvík.

Alcan á Íslandi hefur haft frumkvæði að því að takamarka losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sinni og hefur tekist að gera betur en kröfur opinberra aðila kveða á um. Nú er losun gróðurhúsalofttegunda á hvert framleitt tonn af áli fjórðungur af því sem það var árið 1990 þegar framleiðslan var 87 þúsund tonn. Verði framleiðslugeta álversins í Straumsvík aukin í 460 þúsund tonn verður heildarlosun gróðurhúsalofttegunda litlu meiri en árið 1990.

Á fundinum kom fram að mælingar sýna að magn flúors í gróðri við álverið er nú svipað og mældist áður en álver Alcan hóf starfsemi árið 1969. Losun flúors var mikil á fyrstu starfsárum álversins fram til um 1980 þegar tókst að draga verulega úr losuninni. Undanfarnir 15 ár hefur tekist að takmarka verulega losun flúors í útblæstri. Með núverandi hreinsibúnaði tekst að hreinsa 99,9% gaskenns flúors og 98% flúors og ryks. Með nýjum þurrhreinistöðum verður árangurinn enn meiri.

Nokkuð var rætt á fundinum um svífrýk og losun á brennisteinstvíoxíði en í máli Guðrúnar Þóru kom fram að loftgæði, með tilliti til heilsu fólks, verði uppfyllt í nágrenni álversins komi til stækkunar.

Kaka ársins 2007 Tonka súkkulaðidraumur

Landssamband bakameistara efndi nýlega til keppni um Köku ársins 2007. Keppnin var haldin í Hótel- og matvælaaskólanum í Kópavogi og dómáram voru Margrét Friðriksdóttir, skóla-meistari Menntaskólans í Kópavogi, Anna Sigríður Ólafsdóttir, lektor í næringarfræði við Kennaraháskóla Íslands og Ingvar Guðmundsson, matsveinn og innkaupastjóri Hótel- og matvælaaskólans.

Ellefu kökur bárust til keppninnar, hver annarri glæsilegri. Sigurkakan ber heitið Tonka

súkkulaðidraumur og er samsett úr súkkulaðisvambotni, súkkulaðimús með tonkabragði (krydd sem fer vel með súkkulaði), karamellumöndlum og súkkulaðikremi. Höfundur hennar er Henry Þór Reynisson sem starfar hjá Reyni bakara. Sala á kökunni hófst í bakaríum félagsmanna LABAK um land allt helgina 2.-4. febrúar. Viðtökur hafa verið einstaklega góðar svo búast má við að kakan verði fáanleg að minnsta kosti út þetta ár.



IÐNÞING 2007



föstudaginn 16. mars á Grand Hótel Reykjavík

SI

Samtök iðnaðarins

IÐNÞING 2007

á Grand Hótel Reykjavík 16. mars

Farsæld til framtíðar

Á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins, á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 16. mars, er efnt til umræðu um hvernig velsæld verður áfram tryggð á Íslandi.

Dagskrá hefst stundvíslega kl. 13:00 og lýkur fyrir kl. 16:00, en í lok dagskrár gefst ráðrúm til spjalls yfir léttum veitingum. Þingið er opið og aðgangur ókeypis.

horft til framtíðar

Íslenskt atvinnu- og þjóðlíf hefur tekið stakkaskiptum á ótrúlega stuttum tíma. Hvert stefnir og má vænta áframhaldandi góðs árangurs?



Helgi Magnússon,
formaður
Samtaka
iðnaðarins



Jón Sigurðsson,
iðnaðar- og
viðskipta-
ráðherra



Fundarstjóri:
Þórólfur
Árnason,
forstjóri
Skýrr hf.

atvinnulífið 2020

Hver verður þróun í íslensku atvinnulífi næstu árin? Hvar eru tækifæri til vaxtar? Hvaða þættir hafa þar mest áhrif? Hverjar eru helstu hætturnar og hvar liggur styrkur okkar?

Álitsgjafar:



Vilhjálmur Þ.
Vilhjálmsson



Hilmar V.
Pétursson



Ragnhildur
Geirsdóttir



Svafa
Grönfeldt



Finnboði
Jónsson

Ræðumaður:



**Sigurjón Þ.
Árnason,**
bankastjóri
Landsbankans



SI

stöðugleikinn gengið krónan

Stöðugleiki er atvinnulífinu nauðsynlegur. Hvernig tryggjum við hann? Verður unnt að draga úr gengissveiflum og ná vöxtum niður í núverandi kerfi? Er ákvörðun um upptöku evru og aðild að ESB í sjónmáli?

Álitgjafar:



Illugi Jökulsson

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Katrín Pétursdóttir

Illugi Gunnarsson

Hörður Arnarson

Ræðumaður:



Þorsteinn Pálsson,
ritstjóri
Fréttablaðsins

auðlindanýting byggðapróun

Hvernig verður nýtingu og verndun náttúruauðlinda þjóðarinnar best fyrir komið samhliða eflingu byggðar utan suðvesturhornsins?

Álitgjafar:



Steingrímur J. Sigfússon

Friðrik Sophusson

Smári Geirsson

Trausti Valsson

Ræðumaður:



Víglundur Þorsteinsson,
stjórnarformaður
BM Vallár

Iðþing SI fer fram á Grand Hótel Reykjavík, Gullteig, föstudaginn 16. mars og hefst stundvíslega kl. 13:00. Þingið er opið en þess er vænst að gestir komi tímanlega því að sætaframboð er takmarkað. Í lok dagskrár um kl. 16:00 gefst ráðrúm til spjalls yfir léttum veitingum.

Nánari upplýsingar um Iðþing Samtaka iðnaðarins eru veittar í síma 591 0100.

IÐNÞING 2007

aðalfundur

Samtaka iðnaðarins á Grand Hótel Reykjavík
föstudaginn 16. mars frá 10:00 til 12:00

10:00 Afhending fundargagna

10:10 **Hefðbundin aðalfundarstörf**
Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
Ársreikningar Samtaka iðnaðarins
Tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun næsta árs
Lýst kjöri formanns og meðstjórnenda
Kjör í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins
Kosning löggilts endurskoðanda
Kosning kjörstjóra og aðstoðarmanna hans

Önnur mál:

Kynntar helstu
niðurstöður kannana
um ástand og horfur
í iðnaði og Evrópumál



Almennar umræður

Ályktun Iðnþings

12:00 **Hádegisverður**
í Brasserie Grand í boði
Samtaka iðnaðarins

árshóf

Samtaka iðnaðarins í Lídó að Hallveigarstíg 1
föstudaginn 16. mars frá 19:30 og framúr

Vinsamlegast hafið samband sem fyrst við Þóru Ólafsdóttur
í síma 591 0103 eða tilkynnið þátttöku á netfangið
thora@si.is eða mottaka@si.is. Miðinn kostar kr. 6.300,-.
Hófið hefst með fordrykk kl. 19:30.

Dagskrá:

Hér fer ekkert í vaskinn
Ljúfar veigar í boði S

Vasklega mælt

Helgi Magnússon,
formaður, setur hófið



Veislustjóri:
Anna María
Jónsdóttir

Ræðumaður kvöldsins

Halldór Einarsson grípur vasklega bolta
kvöldsins og lætur móðan mása

Oft er líflegt undir vaskaskinni

Jóhannes Kristjánsson lætur það flakka óþvegið

Það eina sem þeir áttu var gamalt vaskafat ...

BT og Jónsi, Björn Thoroddsen, Jón Rafnsson,
Ástvaldur Traustason og Jón Jósef Snæbjörnsson

Vaki, vaki, vaskir menn

Hljómsveitin SIGNIA heldur vökunni

Matseðill:

Forréttur
Humar eins og hann gerist bestur.
Hvítlaukssteiktur í skelinni með hvítvínsrjómasósu
og grilluðu heimabökuð hvítlauksbrauði

Aðalréttur
Lambafillet með kryddjurtakartöfluturni,
hægelduðu grænmeti, brasseruðum
perlulauk og timiangljáa

Eftirréttur
Súkkulaði brulé með sambuca-marineruðum
jarðarberjum

Kaffi og konfekt



Samtök iðnaðarins



Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík 140 ára

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík er 140 ára um þessar mundir. Af þessu tilefni hélt félagið hátíðarsamkomu þar sem forseti Íslands heiðraði 12 nýsveina. Um kvöldið var félögum boðið til veglegrar hátíðarveislu.

Yfir 300 manns voru saman komin í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 3. febrúar síðastliðinn þegar Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík heiðraði 11 nýsveina fyrir frábæran árangur á sveinsprófi. Þetta er í fyrsta skipti sem Iðnaðarmannafélagið efnir til slíkrar athafnar. Að sögn Ásgríms Jónassonar, formanns félagsins, verður þetta árviss atburður. Fyrirmyndin er sótt til Iðnaðarmannafélagsins í Kaupmannahöfn. Nýsveinar hljóta viðurkenningarskjal og verðlaunaþening, ýmist brons- eða silfurpening. Ekki er veittur gullpeningur.

Þessir nýsveinar hlutu viðurkenningu Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík:

- Ágúst B. Hinriksson, pípulagnir, Borgarholtsskóli, silfurverðlaun
- Bylgja Mjöll Helgadóttir, bakaraíðni, Menntaskólinn í Kópavogi, bronsverðlaun
- Davíð Sigurðsson, rafeindavirkjun, Iðnskólinn í Reykjavík, bronsverðlaun
- Davíð Þór Harðarson, pípulagnir, Borgarholtsskóli, bronsverðlaun
- Gísli Eyberg Tómasson, pípulagnir, Borgarholtsskóli, bronsverðlaun
- Guðmundur Ingi Guðmundsson, rafeindavirkjun, Iðnskólinn í Reykjavík, bronsverðlaun
- Helgi Hrannar Traustason, húsa-

smíði, Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra, bronsverðlaun

- Jakob Sigurðsson, pípulagnir, Iðnskólinn í Hafnarfirði, bronsverðlaun
- Jónas Jónsson, pípulagnir, Verkmenntaskólinn á Akureyri, silfurverðlaun
- Kristinn Tóbías Björgvinsson, húsa-smíði, Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra, bronsverðlaun
- Sesselja I. Reynisdóttir, framreiðsla, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn í Kópavogi, bronsverðlaun.
- Andri Þór Arinbjörnsson, sveinn í málaraiðni frá Iðnskólanum í Reykjavík, hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir framlag sitt í keppni fyrir Íslands hönd í sinni iðngrein en hann varð

hlutskarpastur á Norðurlandamóti í málaraiðni á liðnu ári. Þá hlaut hann silfurverðlaun fyrir árangur sinn og framúrskarandi sveinspróf árið 2005.

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti nýsveinum viðurkenningarskjal og Ásgrímur Jónasson, formaður, afhenti þeim verðlaunaþening. Guðmundur Eggertsson, gjaldkeri Iðnaðarmannafélagsins, og Pétur Siguroddsson, ritari, stýrðu afhendingunni. Jón Ólafur Ólafsson, varaformaður, var fundarstjóri.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, og Jón Sigurðsson, iðnaðarráðherra, ávörpuðu samkomuna. Þau fluttu félaginu árnaðaróskir og í máli þeirra kom fram að Iðnaðarmannafélagið hefði alla sína tíð reynst sterkur bakhjarl iðni- og starfsmenntunar á Íslandi. Þorgerður Katrín gat um ásetning félagsins um að koma aftur að rekstri Iðnskólans í Reykjavík.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, borgarstjóri í Reykjavík, flutti lokaávarp. Eftir því var tekið að hann bar borgarstjórakeðjuna sem Iðnaðarmannafélagið gaf borginni á sínum tíma.

Til hátíðarveislu um kvöldið komu 230 manns. Þar fluttu fulltrúar norrænu iðnaðarmannafélaganna ávörp. Jón Steindór Valdimarsson flutti árnaðaróskir Samtaka iðnaðarins og afhenti peningagjöf sem nota skal til að smíða formannskeðju Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

Ingi Bogi Bogason



IÐNAÐARMANNAFÉLAGIÐ
Í REYKJAVÍK

Stofnað 3. febrúar 1867

Útboðsþing verklegra framkvæmda 2007

Framkvæmdir fyrir um 76 milljarða króna

Árlegt útboðsþing Samtaka iðnaðarins, Félags vinnuvélaeigenda og Mannvirkis, félags verktaka, var haldið á Grand hótél 26. janúar. Á annað hundrað manns sóttu fundinn, aðallega á vegum verktaka fyrirtækja. Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI, setti fundinn og sagði það vel að stærstu kaupendur á útboðsmarkaði söfnuðust saman í upphafi árs til að kynna verktökum það sem framundan væri í þessu efni.

Þrír merkir áfangar

Jón Steindór sagði m.a. að þrír merkir áfangar á sviði útboðsmála hefðu náðst frá síðasta Útboðsþingi og taldi þá eiga eftir að hafa veruleg áhrif ef árangur yrði eins og til væri stofnað. Fyrst bæri að nefna útivistunarstefnu ríkisins sem fjallaði um kaup ríkisins og stofnana þess á þjónustu og útvistun ýmissa rekstrarþátta á vegum ríkisins en þau kaup væru talin nema um 90 milljörðum króna á ári. Með innkaupum sínum væri ríkið því í sterkri stöðu til að efla samkeppni og skapa ný tækifæri á markaðnum og frekari útivistun verkefna styddi við þá þróun. Jón Steindór lagði áherslu á hve mikilvægt væri að þeirri stefnu yrði framfylgt af þunga og að vel tækist til.

Hið sama gilt um stofnun Samstarfsvettvangs um opinber innkaup en markmið hans væri að móta sameiginlega stefnu stjórnvalda og atvinnulífs um opinber innkaup sem styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun á Íslandi.

Í þriðja lagi hefði Alþingi nú til meðferðar frumvarp um opinber innkaup

sem vonandi yrðu að lögum á næstunni. Þar horfði margt til verulegra bóta þótt annað væri ekki eins og best yrði á kosið, s.s. skortur á reglum varðandi sveitarfélög sem við innkaup sín þurfa ekki að gangast undir sömu skyldur og ríki og ríkisstofnanir nema þau nái viðmiðunarmörkum EES sem eru 400 milljónir króna. Þetta taldi Jón Steindór alvarlega brotalöm á frumvarpinu.

Útboð á vegum ríkisins og þriggja stærstu sveitarfélaganna

Á þinginu voru flutt níu erindi en fram sögumenn voru Hrólfur Jónsson, sviðs stjóri Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs Siglingamálastofnunar, Björn Stefánsson, deildarstjóri virkjanadeildar Landsvirkjunar, Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, Ingólfur Eyfells, sérfræðingur í eignastýringu hjá Landsneti, Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðsstjóri tæknimála OR og Rögnvaldur Gunnarsson, forstöðumaður framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar.




Ríkið, stofnanir þess og þrjú stærstu sveitarfélögin, Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður kynntu fyrirhugaðar framkvæmdir sínar á þessu ári og bjóða út verkefni fyrir hátt í 76 milljarða króna en það er heldur meira en á síðasta ári.

Útboð á vegum ríkisins og stofnana þess

Framkvæmdasýsla ríkisins sinnir framkvæmdum sem falla undir ráðuneyti og á þeirra vegum verða boðin út verkefni fyrir tæpa 5 milljarða króna. Þar á meðal verða boðnar út framkvæmdir fyrir 1,5 milljarða króna til að byggja við þrjá framhaldsskóla. Þá verður um 700 milljónum króna varið til snjóflóðavarna í Bolungarvík og boðnar út framkvæmdir á vegum heilbrigðisráðuneytisins fyrir um 1,8 milljarða króna. Siglingastofnun býður út verkefni við hafnir víðs vegar um landið fyrir rúma þrjá milljarða króna og Vegagerðin fyrir hátt á tíunda milljarð. Samtals nema þessi verkefni 18 milljörðum króna. Þó skal tekið fram að talsverðir fyrirvarar eru gerðir varðandi framkvæmdir á vegum Vegagerðarinnar þar sem tölur eru fengnar úr vegaáætlun sem er nú í endurskoðun.

Orkufyrirtækin

Orkufyrirtækin þrjú, Landsvirkjun, Landsnet og Orkuveita Reykjavíkur framkvæma alls fyrir 38 milljarða króna, þar af Landsvirkjun fyrir tæplega 18 milljarða, Landsnet fyrir rúma tvo og Orkuveita Reykjavíkur fyrir 18 milljarða. Meðal stærstu framkvæmda fyrrgreindra aðila eru stækkun Hellisheiðarvirkjunar fyrir 10,5 milljarða á vegum Orkuveitu Reykjavíkur og helstu útboð á vegum Landsvirkjunar verða vegna fyrir-





hugaðra virkjunarframkvæmda á þremur stöðum í neðri hluta Þjórsár. Stærsta verkefnið á vegum Landsnets er lagning strengs frá Nesjavöllum að Geithálsi fyrir um milljarð króna.

Sveitarfélögin þrjú

Reykjavíkurborg býður út verkefni fyrir á sextánda milljarð en Kópavogur og Hafn-

arfjörður fyrir 5 milljarða hvor fyrir sig eða alls fyrir um 20 milljarða króna.

Fjárfrekustu verkefni í Reykjavík eru vegna gatnagerðarframkvæmda í nýjustu hverfum borgarinnar fyrir um 1,7 milljarða króna og á fasteignasviði eru áætlaðar byggingaframkvæmdir við grunnskóla og menntaskóla fyrir rúma tvo milljarða á menntasviði, nýbyggingar á sviði grunnskóla og menntaskóla. Kópavogsbær áformar að fjárfesta í íþróttamannvirkjum fyrir 1,7 milljarða og um 1,3 milljarða í gatnaframkvæmdum. Hafnafjarðarbær áætlaðar heildarfjárfestingar í fasteignum nemi um 1,8 milljörðum og 1,6 milljörðum í gatna-gerð.

Næg verkefni

Eins og sjá má af þessari upptalningu verður framboð verkefna síst minna en verið hefur á undanförunum árum. Verktakar á mannvirkjamaða ættu því ekki að þurfa að hafa teljandi af verkefnaskorti á næstunni.

Glæjur frummælenda er að finna á vefsetri Samtaka iðnaðarins á slóðinni www.si.is/malaflokkar/opinber-innkaup-og-utbod/frettir/nr/2796



Íslandsmót iðnnema „Gerðu betur“

Föstudaginn 23. mars nk. verður Íslandsmót iðnnema 2007 haldið í Kringlunni á Degi iðn- og starfsmenntunar. Keppt verður í níu iðngreinum daglangt. Nemar í málmsuðu verða á suðupunkti, dúkleggjarar skera út mynd á gólfi Kringlunnar, hárgreiðslunemar klippa og greiða, nemar í rafvirkjun verða vel tengdir, málaranemar sýna stílmálningu, trésmíðanemar setja saman handhægan grip, snyrtifræðinemar snyrta, farða og lakka, nemar í múrverki sýna listir sínar í flísalögn og nemar í pípuögnum setja saman rör.

Spennandi keppni og sýning

Íslandsmótið, sem ætlað er iðnnemum 22 ára og yngri, hefur vaxið og stækkað undanfarið ár og segir það sína sögu um metnað skólanna, nemenda og fyrirtækja í iðnaði. Keppnin verður ræst kl. 10 um morguninn og um miðjan dag fer að komast mynd á verkefni. Í lok dags verða verkefni dæmd eftir kúnstarinnar reglum og sigurvegurum afhent verðlaun.

Iðnmenntun veitir tækifæri

Iðnmennt og Mennt standa fyrir Íslandsmóti iðnnema á árlegum Degi iðn- og starfsmenntunar. Með því að halda það í Kringlunni gefst almenningi færi á að fylgjast með verkum nemanna verða til. Markmiðið er að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, bæta ímynd greinanna, kynna þær almenningi – ekki síst ungu fólki, og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og starfi í iðngreinunum.

Kynningarefni keppinnar má nálgast á heimasíðu Menntar www.mennt.is og þar má einnig fá upplýsingar um styrktaraðila.



Upplýsingatækni
þriðja stoð
atvinnulífsins



Samtök upplýsingatæknifyrirtækja

Fyrirtæki í SUF eru aðilar að SI

Útvistun verkefna og þróun opinberra innkaupa sameiginlegur ávinningur

Samtök iðnaðarins og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja ásamt fleirum halda fund 1. mars nk. um útvistun verkefna og þróun opinberra innkaupa. Fundurinn verður haldinn í Salnum í Kópavogi kl. 13.00 – 15.00.

Á fundinum fjallar Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, um útvistunarstefnu ríkisins og hvernig staðan er varðandi framkvæmd hennar en markmiðið er að með útvistun nái ríkið 400 milljóna kr. ávinningi árlega á árunum 2007-2010 en ríkisstofnunum er ætlað að nýta það fé til bættrar þjónustu.

Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr, kynnr niðurstöður úr könnun SI og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis á

umfangi upplýsingatækni hjá opinberum stofnunum og veltir upp hvaða möguleikar eru á útvistun á því sviði og hver ávinningurinn getur orðið.

Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa, kynnr samstarfsvettvang um þróun opinberra innkaupa til að örva nýsköpun, rannsóknir og þróun en að honum standa SI, SA, Ríkiskaup, fjármálaráðuneytið og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Þá segja fulltrúar frá opinberri stofnun og einkafyrirtæki frá reynslu sinni af útvistun verkefna og hvaða ávinningi það hefur skilað.



Nýr formaður Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði



Frá vinstri: Nýkjörinn formaður Björn Bjarnason, fundarstjóri Magnús Jóhannsson og Guðlaugur Adolffson, fyrrverandi formaður

Guðlaugur Adolffson, Fagtaki ehf,

gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku hjá MIH á aðalfundi sem haldinn var 9. febrúar síðastliðinn. Guðlaugur sat í stjórn MIH frá árinu 1994, þar af síðustu sjö ár sem formaður, Björn Bjarnason, Feðgum ehf. var kjörinn nýr formaður MIH.

Breytingar á lögum voru stærsta mál fundarins og voru þær samþykktar nánast án umræðu enda höfðu stjórn og laganevnd nokkru áður boðað til almenns félagsfundar þar sem breytingartillögurnar voru vel kynntar.

Stjórn MIH skipa nú Björn Bjarnason, formaður, Guðmundur Leifsson, varaformaður, Jón V. Hinriksson, gjaldkeri, Jónas Sigurðsson ritari og Jón Þórðarson, vararitari. Varastjórn skipa Samúel Jónsson, Ágúst Pétursson og Sveinberg Gíslason.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, ávarpaði fundarmenn að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum. Hann fór víða í ávarpi sínu og fjallaði m.a. um ábyrgðir og annað sem varðar almennt rekstur fyrirtækja. Einnig ræddi Vilhjálmur um mikilvægi þess að kynna sér alla þætti sem varða stækkun álversins í Hafnarfirði. Hann taldi miður að ekki væri alltaf farið með réttar staðhæfingar þegar tilteknir hópar senda frá sér upplýsingar og þá yfirleitt á móti stækkun. Hvatti Vilhjálmur félagsmenn til að afla sér réttra upplýsinga, sem voru t.d. kynntar á fundi SA í Hafnarborg 2. febrúar síðastliðinn.

Fríðrik Ólafsson framkvæmdastjóri MÍH



Járnsmiðja Óðins fær D-gæðavottun

Það voru stoltir og glaðir stjórnendur og starfsmenn Járnsmiðju Óðins ehf. sem tóku við D-vottun en hún er fyrsta þrepið í áfangaskiptri gæðavottun SI. Með því er stigið fyrsta skrefið til að vinna skipulega að því að auka framleiðni og bæta starfsumhverfi fyrirtækisins í þeim anda sem stefnt var að með sérstöku átaki til að auka framleiðni í málmíðnaði. Þetta átak á rætur í þeirri framtíðarsýn sem Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, markaði og miðar að því að gera greinina samkeppnisfæra við önnur samskonar fyrirtæki á meginlandinu. Með því yrði lagður grunnur að nýrri sókn íslensks málmíðnaðari.

Fjögurra þrepa vottun

Eftir talsverðan undirbúning var ákveðið að vinna að því að bjóða fyrirtækjum í greininni aðgengilegar aðferð til að hefjast handa á tiltölulega lágstilltum nótum sem ekki ætti að vera nokkru fyrirtæki, stóru eða smáu, ofraun. Því voru skilgreind fjögur þrep – D, C, B og A – þar sem fyrst yrði komið góðu lagi á skráningu og verkferla svo og grunnskipulag fyrirtækisins. Þessi fyrsti áfangi er kallaður D-vottun og þá er greið leið til að hefjast handa um að uppfylla þá þætti sem skilgreindir eru innan næsta þreps (C) o.s.frv. Með því að standast kröfur þessara tveggja fyrstu þrepa af fjórum hafa fyrirtæki komið góðu lagi á þau atriði sem mestu skipta í rekstr-

inum og geta farið að nýta afrakstur þess með því að vinna sig áfram upp til B-vottunar og síðan A.

Við spurðum hjónin Óðinn Gunnarsson og Auði Hallgrímsdóttur, eigendur fyrirtækisins, hvernig til hefði tekist við að stíga upp á fyrsta þrepið:

„Þetta var mjög ánægjulegt og gefandi vinna sem hefur sannfært okkur um að þarna er fundin mjög aðgengileg leið til að koma góðu lagi á ýmislegt í rekstrinum og umgengni í smiðjunni. Það er líka ánægjulegt að segja frá því að starfsmennirnir eru mjög jákvæðir gagnvart þessu starfi og við erum öll ákveðin í að halda áfram á þessari braut. Við sjáum nú þegar að þetta er einmitt það sem við vildum gera en var ekki alveg ljóst hvernig við ættum að standa að því fyrr en nú. Þetta er því allt hið besta mál.“

C-vottun næsta skref

Næstu daga og vikur verður unnið að því að Járnsmiðjan Óðinn öðlist C-vottun og ekki látið staðar numið fyrr en allir þættir rekstrarins uppfylla forsendur um góða stjórnun og arðbæran rekstur. Afraksturinn á að koma öllum til góða, fyrirtækinu, starfsmönnum þess og viðskipavinunum.

Fleiri fyrirtæki, stór og smá, búa sig undir að fá slíka vottun og ljóst er að þessi áfangaskipta gæðavottun SI vekur sífellt meiri áhuga iðnfyrirtækja enda aðgengileg og árangursrík.

Ingólfur Sverrisson

Evrópustaðlar og tæknisamþykki

Samkvæmt 120 gr. byggingareglu-gerðar eiga allar byggingavörur að vera CE - merktar, vottaðar eða hafa fengið umsögn um eiginleika af til þess bærnum aðilum. Það felur í sér að slíkir aðilar staðfesta að varan sé í samræmi við kröfur tiltekins staðals og sé gædd þeim eiginleikum sem þar eru tilgreindir og umsögnin staðfestir. Þannig geta hönnuðir metið hvort eiginleikar vörunnar séu í samræmi við þær kröfur sem hönnun þeirra gerir ráð fyrir.

Með sama hætti getur húsbýggjandi áttað sig á því hvort vara, sem hann velur, hentar til fyrirhugaðra nota. Til þess eru CE - merkingar, vottanir og umsagnir. Seljandi vörunnar á að geta lagt fram gögn sem sanna notagildi hennar. Hönnuðir, sem velja vörur í mannvirki, eiga einnig að geta leitað upplýsinga í slíkum gögnum um hvort tiltekin byggingavara hentar við tilteknar aðstæður. Hönnuðir gegna lykilhlutverki þegar efni er valið til mannvirkjagerðar.

Eftirlitshlutverk byggingafulltrúa

Kröfur um staðla og vottanir á byggingavörum hafa aukist mjög frá árinu 1994. Byggingafulltrúar fara yfir hönnun mannvirkja við veitingu byggingarleyfis. Þeim ber að ganga úr skugga um að vara, sem tilgreind er á teikningum, standist ákvæði um CE - merkingu eða vottun. Við eftirlit á byggingarstað ber þeim að fylgjast með því að ákvæðum 120 gr. byggingareglugerður um byggingavöru sé framfylgt.

Húsbýggjendur, sem ekki geta sannað eiginleika vörunnar með CE -merkingu eða framleiðsluvottun, þurfa að afla sérstakrar vottunar eða umsagnar á tilteknum eiginleikum hennar í sérhverju tilviki.

Tvenns konar Evrópustaðlar

Til eru tvenns konar gerðir af Evrópustaðlum. Annars vegar er um að ræða samræmdan staðal (hEN) og hins vegar almennan staðal (EN) sem ekki er samræmdur. Samræmdir staðlar eru unnir eftir forsögn Evrópusambandsins og þá með tilvísun í tiltekna tilskipun ESB en það sama gildir um tæknisamþykki og hefur hvort tveggja lagagildi innan EES. Aðrir staðlar (EN) eru unnir að frumkvæði Evrópustaðlaráðsins, notkun þeirra er valfrjálst og því aðeins leiðbeinandi fyrir framleiðandann.

Þegar vara heyrir undir samræmdan staðall (hEN) eða tæknisamþykki ber framleiðanda vörunnar lagaleg skylda til



að uppfylla að lágmarki þau viðmið sem koma fram í staðlinum. Á grundvelli þess getur hann aflað sér heimildar til að CE - merkja vöruna og öðlast með því rétt til að setja hana á markað á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í hinu tilvikinu getur framleiðandinn valið hvort hann uppfyllir kröfur staðalsins en heimild skapast ekki til að CE - merkja vöruna á grundvelli hans.

Vara, sem á að fullnægja kröfum samræmds staðals eða tæknisamþykkis, skal bera CE merki sem tákni um yfirlýsingu framleiðenda um að viðkomandi vara standist kröfur tiltekins staðals eða tæknisamþykkis.

Byggingavörur sem eiga að vera CE - merktar

Hér á landi er talsvert af byggingavörum á markaði sem eiga nú þegar að vera CE - merktar því að fyrir hendi eru staðlar og tæknisamþykki fyrir, t.d. einangrun, krossvið, gífsplötur, festingar, timbur í burðarvirki og sement. Ljóst er að á næstu árum fjölga samræmdum stöðlum fjölga og þar með byggingavörum sem þurfa að fullnægja kröfum um CE - merkingu.

Markaðseftirlit með byggingavörum

Neytendastofu ber að hafa eftirlit með byggingavörum á markaði. Ekki er til ein

skilgreind aðferð um hvernig það skuli gert en til þess eru nokkrar leiðir. Ein er sú að Neytendastofa fari í byggingavöruverslanir og skoði vörur. Þá er einnig hægt að bera fram kvörtun við Neytendastofu ef talið er að á markaði sé vara sem ekki stenst kröfur um CE - merkingu. Telji Neytendastofa að slík kvörtun sé á rökum reist, má búast við að þess verði krafist að varan verði tekin af markaði.

Það gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir frameiðanda eða innflytjanda vörunnar ef honum yrði bannað að selja hana vegna þess að hún fullnægir ekki kröfum byggingareglugerðar.

Því er mjög brýnt að íslenskir framleiðendur fylgist vel með í þessum efnum og séu undir það búnir að fullnægja kröfum um CE - merkingu þegar kallið kemur.

Nýr vefur um CE - merkingu byggingavara - aðstoð hjá SI

Við CE - merkingu og vottun byggingarvöru er nauðsynlegt að framleiðslufyrirtæki hafi yfir að ráða framleiðslustýrkerfi sem þar til bærir aðilar hafa tekið út og staðfest að taki á þeim þáttum sem máli skipta við framleiðslu vörunnar. Tekið getur nokkra mánuði að koma á tilskilinni framleiðslustýringu og gæðaeftirliti með viðeigandi úttektum tilnefnds aðila, eins og krafist er í stöðlum.

Samtök iðnaðarins hafa aðstoðað allnokkur fyrirtæki við að koma á framleiðslustjórnun og tilskilinni skjalfestingu á árangri. Hjá SI er mikil þekking á flóknu umhverfi staðla og reglugerða sem hafa áhrif á framleiðslu og notkun á byggingavörum. Félagsmenn SI hafa greiðan aðgang að þessari þekkingu og geta óskað eftir aðstoð af ýmsu tagi til að auðvelda sér aðlögun að breyttum kröfum.

Samtök iðnaðarins hafa nýlega opnað upplýsingavef www.si.is/ce en þar er að finna mjög góðar leiðbeiningar um allt sem snertir CE - merkingu byggingavara. Þar er gerð grein fyrir forsendum og ferlum CE - merkinga, hvaða vara á að vera CE - merkt til að mega vera á markaði og hvernig fyrirtæki eiga að standa að verki þegar þau hyggjast afla sér heimildar til að CE - merkja á framleiðslu sína.

Eyjólfur Bjarnason, Ferdinand Hansen

Stórsýningin Tækni og vit 2007

Fagsýning tækni- og þekkingariðnaðarins
Fífunni í Kópavogi 8.-11. mars

Misstu ekki af glæsilegri sýningu!

TÆKNI OG VIT 2007

Kynntu þér það nýjasta í íslenski hátækni á einum stærsta viðburði sem haldinn hefur verið hér á landi í tækni- og þekkingariðnaði. Yfir 100 sýnendur af öllum sviðum tæknigeirans kynna vörur sínar og þjónustu fyrir fagaðilum og almenningi.

Á Tækni og vit 2007 verða meðal annars fjölmörg tölvufyrirtæki, hugbúnaðar-, vélbúnaðar- og netfyrirtæki, auk fjarskiptafyrirtækja, orkufyrirtækja og iðntæknifyrirtækja ásamt opinberum stofnunum, sveitarfélögum, ráðuneytum, skólum, fjármála-fyrirtækjum og fjölmíðlum.

SÝNINGARTÍMI OG VERÐ

Sýningartími:	Fagaðilar	Almennir gestir
Fimmtudagur 8. mars	18:00-21:00	
Föstudagur 9. mars	11:00-19:00	
Laugardagur 10. mars	12:00-17:00	12:00-17:00
Sunnudagur 11. mars	12:00-17:00	12:00-17:00
Verð aðgöngumiða	2.000 kr.	1.200 kr.

Námsmenn, ellilífeyrisþegar og öryrkjar greiða 900 kr. Athugið að miði fyrir fagaðila gildir alla sýningardagana. Frítt fyrir börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.

Kynntu þér sýninguna á www.taekniogvit.is



AP sýningar, sem eru í eigu AP almannatengsla ehf., sjá um framkvæmd sýningarinnar í samvinnu við samstarfsaðila.

samstarfsaðilar



Forsætisráðuneyti



Fjármálaráðuneyti



Iðnaðar- og
viðskiptaráðuneyti



Samtök iðnaðarins



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Orkuveita
Reykjavíkur



TM Software